

## LISTIR



LEIKARAEFNIÐ átta: Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Hreinsson, Gunnar Hansson, Halldór Gylfason, Hildigunnur Práinsdóttir, Inga María Valdimarsdóttir, Katla Þorgeirsdóttir og Þrúður Vilhjálmsdóttir.

## Hádegis- tónleikar í Hallgríms- kirkju

ORGANISTI Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson, leikur á orgelið í Hallgrímskirkju í hádeginu, fimmtuaginn 5. september, kl. 12-12.30.

Á efnisskrá Harðar eru fjögur verk frá barokktímabilinu. Hann byrjar á að leika Trumpel Voluntary eftir Bretann Jeremiah Clarke. Þá leikur hann Prelúdu í e-moll eftir norðurlýska tónskáldið Nikolaus Bruhns og að síðustu leikur hann tvö verk eftir Johann Sebastian Bach: Ermbarm'dich mein, o Herre Gott og Takkötu og fúgu í d-moll.

## Súrrealistinn Matta á Kjarvalsstöðum

SÝNING á málverkum og skúlptúrum eftir súrrealistann Matta sem ber yfirskriftina „...Matta og svo framvegis...“, verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardag.

Roberto Matta fæddist í Chile árið 1911. Eftir að hafa stundað nám í arkitektúr fluttist hann til Evrópu árið 1930 þar sem hann komst meðal annars í kynni við myndlistarmanninn Margritte, auk þess sem hann fékk vinnu á teiknistofu Le Corbusier. En það er ekki fyrr en árið 1937 að Matta byrjar að mála. Myndir hans vekja athygli og er hann óspart hvattur af listamönnum á borð við Dalí, Picassó og André Breton, sem tekur hann inn í súrrealistahópinn það sama ár.

Matta dvaldi í Bandaríkjunum alla seinni heimsstyrjöldina og tók þátt í

starfssemi landflóttá súrrealista frá Evrópu.

Árið 1948 var hann rekinn úr súrrealistahópnum. Hann fluttist þá aftur til Evrópu þar sem hann tók virkan þátt í andófi gegn „mannskemmandi iðnaðarsamfélagi samtímans“. Í lok 6. áratugarins kynntist hann Erró og unnu þeir saman nokkrar seríur þar sem þeir skiptast á um að teikna upp myndbyggingar og figúrur. Víst er að Matta hafði mikil áhrif á listsköpun Errós á þessum tíma, segir í kynningu Kjarvalsstaða.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum hefur sýningarstjórinn Alain Sayag safnvörður við Pompidousafnið í París, valið í samráði við Matta málverk og skúlptúra frá síðtliðnum 10 árum. Öll verkin eru í eigu listamannsins.

## Ný leikgerð eftir verkum Büchners

PRJÁR leiksýningar eru á dagskrá Nemendaleikhúss Leiklistarskóla Íslands, þar á meðal leikgerð sérstaklega unnin fyrir nemendaleikhúsið. Þetta starfsár er fjórða og síðasta ár átta nemenda sem hófu nám við skólann haustið 1993 og munu þeir ljúka leikaranámi í maí á næsta ári.

Fyrsta frumsýningin verður um miðjan október. Um er að ræða nýja leikgerð unna fyrir hópinn sem er byggð á tveimur verkum þýska leikritskáldsins Georgs Büchners „Wojtsek“, og „Leonce og Lena“. Leonce og Lena hefur aldrei komið fyrir augu íslenskra leikhúsgesta fyrr og síðast var Wojtsek sýndur í Þjóðleikhúsinu fyrir 20 árum.

Leikstjóri verksins er Hávar Sigurjónsson og hefur hann jafnframt gert hina nýju leikgerð úr þýðingu Þorsteins Þorsteinssonar. Axel Hallkell er hönnuður leikmyndar og búninga og ljósaðhönnuður er Egill Ingibergsson.

Nemendaleikhúsið hyggur svo á samstarf við Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóð og Háðvör með frumflutningi á nýju verki eftir Árna Ibsen í leikstjórn Hilmars Jónssonar. Kolbrún Halldórsdóttir mun leikstýra síðasta verkinu en enn þá er ekki hægt að gera opinbert hvaða verk verður fyrir valinu.

Leikaraefnin átta eru: Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Hreinsson, Gunnar Hansson, Halldór Gylfason, Hildigunnur Práinsdóttir, Inga María Valdimarsdóttir, Katla Þorgeirsdóttir og Þrúður Vilhjálmsdóttir.



ANNA S. Gunnlaugsdóttir við eitt verka sinna

## Guð er kona

ANNA Sigríður Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður opnaði nýlega sýningu í einum af þremur söllum Billedværkstedet í Brovst á Norður-Jótlandi. Sýningin sem er sjöunda einkasýning Önnu ber yfirskriftina Guð er kona.

Myndlist nam Anna í málaraeild Myndlista- og handiðaskólans og einnig grafíska hönnun við sama skóla. Hún nam að auki við Ecole nationale des Beaux-Arts í París.

### Biblíuminni

Verkin á sýningu Önnu eru 26 og öll unnin á síðastliðnu ári. Sýningin hefur verið vel sótt og hlotið góða dóma. Danskir gagnrýnendur segja verk Önnu mjög forvitnileg og nota um þau orð eins og tjáningarrík og kraftmikil. Hún er sögð túlka upp á nýtt þekkt Biblíuminni og setja hinn krossfesta í gervi konu.

Sjálft talar hún um að gera Guðsfyrirmyndina milda og kærleiksrika en fyrst og fremst sterka konu og ekki refsígláðan og hefndarþyrstan karlmannaguð.

Sýningu Önnu lýkur 8. september.

# Geturðu gert betri bílakaup?



## BALENO

Gerðu samanburð...  
og taktu síðan ákvörðun.

86 hestafla 16 ventla vél • vökvastýri • veltistýri • samlæsingar • rafdrifnar rúðuvindur • rafstýrðir útispeglar • útvarp/segulband með 4 hátölurum • upphitun framsæti • öryggisloftþúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti • styrktarbitar í hurðum • samlitir studarar.

Allt þetta og margt fleira í rúmgóðum og vönduðum 4ra dyra fólksbíl fyrir aðeins:

1.265.000,- kr.



SUZUKI  
• Afl og öryggi •



SUZUKI BÍLAR HF  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík.  
Sími 568 51 00.

Aukahlutir: Álfelgur, vindkljúfur